

Lambalát á bæ í Dalvíkurbyggð

Lambalát af völdum kampýlóbakter-bakteríu hefur greinst á Brimnesi í Dalvíkurbyggð og margar ær látið, samkvæmt frétt frá Matvælastofnun. „Sýkist ærnar af þessari bakteríu eru miklar líkur á lambaláti, sem þá kemur fram síðustu tvo mánuði meðgöngu, en einnig er algengt að ærnar hafi tal, en beri þá dauðum eða mjög veikburða lömbum. Ekki hefur enn tekist að tegundagreina bakteríuna, en unnið er áfram að því. Smitleiðir geta verið margvíslegar s.s. eins og að fuglar mengi fóður eða

smit berist á milli gripa á húsi,“ segir í fréttinni en lambalát af þessum völdum er fátítt hér á landi.

Matvælastofnun segir að menn þurfi að gæta þess að fara ekki í óhreinum húsafötum eða stígvélum inn í hús hjá öðrum, en best fari á því að bændur hafi tiltækan eigin vinnu- og skófatnað fyrir sína þjónustuaðila. „Lyf ná ekki að stöðva þetta og því mikilvægt að viðhafa gott hreinlæti s.s. góðan handþvott og verja og ganga vel um fóður,“ segir enn fremur í tilkynningu Matvælastofnunar.



Teikning/ASK arkitektar

Vesturbugt Ný byggð samkvæmt nýju deiliskipulagi. A.m.k. 80 íbúðir í hverfi við gömlu höfnina eiga að falla undir svonefnd Reykjavíkurhús.

Skilyrt hverjir fá að byggja húsin

● Ólík afstaða til Reykjavíkurhúsa

Reykjavíkurborg ætlar að auglýsa eftir samstarfi við sjálfseignarstofnanir, húsnæðissamvinnufélög og leigufélög, sem rekin eru án hagnaðarsjónarmiða og vinna að byggingu íbúða fyrir félagsmenn sína, við uppbyggingu á lóðum við Vesturbugt og á lóðum borgarinnar við Kirkjusandsreit. Fulltrúar minnihlutans í borgarráði hafa ýmislegt við þetta að athuga.

Tillaga Dags B. Eggertssonar, borgarstjóra, um að borgarráð láti auglýsa eftir ofangreindum samstarfsaðilum, var samþykkt í borgarráði á fimmtudag með fjórum atkvæðum fulltrúa meirihlutans.

Borgarráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina greiddi atkvæði gegn tillögunni. Hann lagði fram bókun og og taldi órökrétt að byrja á að auglýsa eftir samstarfsaðilum um uppbyggingu þegar lóðum hefði hvorki verið úthlutað né heldur lægi fyrir hvaða leiðir ætti að fara í uppbyggingu svonefndra Reykjavík-

urhúsa til að sem hagkvæmast leigu-verð fengist fyrir leigutaka.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks sátu hjá við atkvæðagreiðsluna. Í bókun þeirra sagði að þeir styddu allar góðar hugmyndir sem leystu úr alvarlegum aðstæðum á húsnæðismarkaði í Reykjavík. Þeir bentu á að í nýrri skýrslu um svonefnd Reykjavíkurhús væri komið til móts við sjónarmið sjálfstæðismanna með því að meir væri hallast að aðkomu einkaaðila en í fyrri hugmyndum.

„Því furða borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sig á því að tillaga meirihlutans um auglýsingu eftir samstarfsaðilum skuli ekki gera ráð fyrir að leitað sé leiða á almennum markaði til að fá hagstæðasta verð fyrir leigjendur og kaupendur. Einungis á að leita til þeirra félaga sem rekin eru án hagnaðarsjónarmiða en öðrum ekki gefinn kostur á að gera tilboð. Þar með er ákveðinn hluti markaðarins útilokaður,“ segir m.a. í bókuninni.



Aðgerð Gilbert segir erfðast að horfa á upp öll börnin sem slasist og láti lífið algjörlega að óþörfu.

Voðaverkunum á Gaza verður að linna

● Norskur læknir vill að alþjóðasamfélagið grípi í taumana

Jóhann Ólafsson
joo12@hi.is

„Af hverju beitir alþjóðasamfélagið ekki refsiaðgerðum gegn Ísrael? Það hefur margoft verið gert, fordæmin eru til staðar,“ segir Mads Gilbert, prófessor og yfirlæknir í Tromsø í Noregi.

„Þegar ég var á Gaza heyrði ég að refsiaðgerðum hefði verið beitt gegn Rússum vegna ástandisins í Úkraínu. Ég skil ekki af hverju slíkum aðgerðum er ekki beitt gegn Ísraelum.“

Gilbert hélt í vikunni fyrirlestur um ástandið á Gaza á vegum Alþjóðamálastofnunar HÍ. Hann segir að ef trúað sé á hið góða í heiminum og að heimurinn sé góður staður, sé erfitt að skilja voðaverkin sem Ísraelsmenn fremji.

„Hvernig getur ríki sem kallar sig eina lýðræðisríkið í Mið-Austurlöndum framið slík ódæði? Ef maður vogar sér að gagnrýna Ísrael er maður kallaður gyðingahatari. Ég væri ekki kallaður and-Bandaríkjamaður þótt ég gagnrýndi stefnu þeirra í Afganistan.“

Erfiðar aðstæður

Gilbert segir að heilbrigðisstarfsmenn á Gaza vinni við ótrúlega erfiðar aðstæður en kvarti aldrei. „Ég er engin hetja, hetjurnar eru palestínsku heilbrigðisstarfsmennirnir. Samstaðan og mannúðin sem þeir sýna fyllti

mig von og stolti. Þeir hafa ekki öll töl og tæki en þeir reyna að gera það besta úr aðstæðunum. Þeir setjast aldrei niður og gráta, heldur leita lausna. Vegna þeirra kem ég alltaf ríkari og vitrari heim frá Gaza af því ég hef lært svo margt um manngæsku og samstöðu.“

Þegar Gilbert var að störfum á Gaza snemma árs 2009 sendi hann smáskilaboð til Noregs sem varð heimsfrægt. „Það stóð í skilaboðunum að börn og fólk væru slösuð og deyjandi. Ég gerði svipaðan hlut síðasta haust. Þá sendi ég Barack Obama (Bandaríkjaforseta) bréf og sagði að hann gæti breytt heimssögunni. Ef hann hefði þegið boð mitt og dvalið hjá okkur eina nótt hefði hann breytt heimssögunni, því enginn með hjarta getur komið til Gaza án þess að það hafi áhrif á viðkomandi.“

Trúir á réttlæti

En telur Gilbert að Ísraelar og Palestínumenn gætu lifað í sátt og samlyndi í framtíðinni?

„Ég trúi á réttlæti. Grunnurinn hér verður að vera sanngjörn niðurstaða fyrir báða aðila. Sár fortíðarinnar verða að geta gróið, það er eina leiðin fram á við. Fyrst þurfa Ísraelsmenn að koma fram og segja að þeir vilji ekki fara með nágranna sína eins og þræla, heldur jafningja sína,“ segir Mads Gilbert.

MADS GILBERT

„Ég vil taka afstöðu“

Mads Gilbert er staddur hér á landi og hélt í vikunni fyrirlestur um ástandið á Gazasvæðinu í Háskóla Íslands á vegum Alþjóðamálastofnunar. Hann hefur starfað sem sjálfbodaliði á stærsta sjúkrahúsinu á Gazasvæðinu í Palestínu síðan 2006 og hélt fyrst til starfa þangað árið 1981 því hann langaði að aðstoða hina þjáðu. Hann segist vilja standa með fólkinu sem er farið illa með. Vitnar hann í orð Desmonds Tutu, biskups í Suður-Afríku: „Ég vil taka afstöðu því ef þú tekur ekki afstöðu og segist vera hlutlaus ertu í raun að styðja niðinginn.“

Gilbert hefur verið bannað að koma aftur til Ísrael á þeirri forsendu að hann ögni öryggi landsins. Ástæðuna fyrir því segir hann vera hræðslu Ísraela við það að heimurinn sjái staðreyndir málsins.

8.600 störf á næstu þremur árum

● Atvinnuleysi minnkar og verður 3,1%

Störfum mun fjölga um 8.600 á næstu þremur árum, en það er rúmlega 4,8% aukning frá því sem nú er. Þetta er meðal þess sem kemur fram í nýrri skýrslu Vinnu- og atvinnuleysis muni minnka á tímabilinu og fara niður í 3,1% árið 2017, eða að atvinnulausum fækki úr 9.300 niður í 6.000.

Flestir háskólamenntaðir

Í skýrslunni kemur einnig fram að konur séu í dag orðnar fleiri á vinnu- markaði en þær voru fyrir hrún. Í fyrra var fjöldi kvenna á vinnu- mark-

aði rúmlega 85 þúsund en fjöldi þeirra var um 82 þúsund fyrir hrún.

Karl Sigurðsson, einn höfunda skýrslunnar, sagði að búist væri við að þær greinar sem stæðu undir fjölgun starfa yrðu byggingariðnaður, ferðaþjónusta, upplýsingatækni og fjarskipti, en fyrirséð er fækkun starfa í fjármálaþjónustu.

Háskólamenntaðir eru í dag orðnir stærsti hópur vinnu- markaðarins með yfir 75 þúsund manns, en Karl segir að þetta sé sá hópur sem hægst gangi á þegar kemur að því að fækka á atvinnuleysissskrá. Segir hann fyrirséð að fleiri muni útskrifast úr háskólanámi næstu ár en atvinnulífið kalli eftir.



uppboð.is

Listmuna uppboð

Erum að taka
á móti verkum á
næsta uppboð



fold

Síðasta sýningarhelgi

Veftur

Ásgerður Búadóttir

Sýning á veflistaverkum



Opið virka daga 10–18, laugard. kl. 11–16, sunnud. 14–16
Rauðarásrígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is